

Fylgiskjal.

Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:

Alþingi
Erindi nr. D 133/869
komudagur 8.2.2007

Umsögn um frumvarp til æskulýðslaga.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði lög í þeim tilgangi að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Áætlað er fyrir 197,9 m.kr. fjárveitingu til æskulýðsmála á lið 02-988 Æskulýðsmál í fjárlögum 2007.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkissjóður leggi starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga til fé eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Fjármálaráðuneytið telur að tillagan feli ekki í sér skuldbindingar um fjárveitingar og hafi því ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

Þá eru lagðar til ýmsar breytingar á stjórnslu ríkisins vegna æskulýðsmála. Þannig er lagt til í 5. gr. að fjölgað verði úr fimm í níu fulltrúa í Æskulýðsráði sem leggi skv. 6. gr. meiri áherslu á stefnumarkandi og ráðgefandi hlutverk gagnvart stjórnvöldum. Frá ráðinu færast ábyrgð á reglulegum æskulýðsrannsóknnum til menntamálaráðherra skv. 12. gr. sem gert er ráð fyrir að skipi fimm manna ráðgjafarnefnd. Einnig er lagt til að í stað þess að þeir fimm einstaklingar sem setið hafa í Æskulýðsráði skipi jafnframt ráðgefandi stjórn Æskulýðssjóðs, sem ekki hefur haft sérstaka lagastoð, verði kveðið á um sjóðinn í III. kafla laganna og þar á meðal þriggja manna ráðgefandi stjórn hans skv. 8. gr. Á árinu 2005 voru 234 þús. kr. greiddar fyrir setu í Æskulýðsráði í samræmi við fjölda funda og gætu breytingarnar sem lagðar eru til hugsanlega aukið kostnað eitthvað þannig að minna yrði varið í önnur útgjöld. Í fjárlögum 2007 er 2,9 m.kr. veitt til ráðsins og þarf hugsanlega að færa hluta af þeirri fjárhæð til annarra aðila í samræmi við breytta skipan. Fjármálaráðuneytið telur að tillaga um að lögbinda Æskulýðssjóð hafi ekki áhrif á útgjöld ríkisins sem í fjárlögum 2007 eru ætluð 9,8 m.kr. og sama gildir um tillögu um æskulýðsrannsóknir sem fá 5,5 m.kr. fjárveitingu.

Á grundvelli framangreindra forsendna telur fjármálaráðuneytið að frumvarpið hafi ekki áhrif á kostnað ríkissjóðs verði það óbreytt að lögum.